



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laufskálar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat deilda	6
4.1 Grenilundur	7
4.2 Birkilundur.....	8
4.3 Lerkilundur	9
4.4 Furulundur	10
5 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	14
8 Foreldrasamvinna.....	14
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgiskjöl.....	15



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Lífið í Laufskálum var flókið í vetur, aðstoðarleikskólastjóri var að leysa leikskólastjóra af sem var komin í önnur störf. Í nóvember var leikskólastjórastaðan auglýst, en starfið fékk Guðrún Rut aðstoðarleikskólastjóri. Í febrúar var staða aðstoðarleikskólastjóra auglýst, þá stöðu fékk Klara Sjöfn en hún hefur verið deildastjóri í Laufskálum í 13 ár. Á meðan á þessum ráðningum stóð fundum við titring í starfsmannahópnum. Áhugavert er að sjá hvað óvissa getur haft áhrif á starfsmannahópinn.

Fagstarfið í Laufskálum var með hefðbundnu sniði í vetur. Við leggjum mikið upp úr frjálsa leiknum, hópastarfi og leiklistarstundum. Við byrjuðum fyrir nokkrum árum með morgunfundi á eldri deildum og höfum nú fært það inn á allar deildir. Á morgunfundum er farið yfir daginn með börnum og taka þau þátt í því að setja hann niður.

Í byrjun vetrar tóku tveir kennarar að sér að búa til leiðbeiningar um Lubba fyrir starfsmenn og settu upp hljóð vikunnar sem allur skólinn tók þátt í. Þjuggu þær til upplýsingavegg þar sem hægt var að setja upp verkefni sem tilheyrðu hljóði vikunnar. Með þessu urðu máhljóðin sýnilegri og við urðum vör við umræðu barnanna við foreldrana um máhljóð vikunnar.

Í haust var samskiptasáttmáli Laufskála gerður af öllu okkar starfsfólki og byrjuðum við að vinna eftir honum um áramót. Hefur sáttmálinn verið hjálpartæki í samskiptum starfsfólks. Það að allir starfsmenn tóku þátt í að búa hann til teljum við að starfsfólk tileinki sér hann betur og eigi auðveldari að nota hann.

Í janúar byrjuðum við með teymishópa eftir að hafa kynnt okkur teymisvinnu í Engjaborg, við ákváðum að byrja með þrjú verkefni í teymum og voru það matsalur, útivera og grænu skrefin. Hver hópur fékk fund einu sinni í mánuði og sáum við fljótt að þetta skilaði árangri. Við munum halda þessu áfram næsta skóla ár og bæta við einu teymi í viðbót.

Í vetur tókum við þátt í verkefni hjá borginni vegna viðverustefnunnar. Út frá því var deildastjórur og sérkennslustjóra leikskólans boðið á námskeið sérsniðið að þeim og erum þeir búnir með þrjú af sex skiptum. Telja þeir að þessi námskeið séu að efla sig enn meira í starfi með börnunum.

Okkur var boðið að taka þátt í að innleiða Nurture og höfum við ákveðið að þiggja það. Tveir stjórnendur fóru á þriggja daga námskeið og áætlað er að starfsmannahópurinn fari á dagsnámskeið í september.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldraviðtöl	Tveir fundir	Deildastjórar	Niðurstaðan var að við ætlum að hafa foreldraviðtöl með sama sniði næsta ár og endurskoða það svo.
Framvinduskýrsla	Á ýmsum stöðum	Starfsfólk	Lokaskýrsla var skilað á menntamálastofnun og samþykkt þar og hjá SFS

Ytra mat

Starfsmannakönnun var gerð í vetur af Reykjavíkurborg. Í fyrsta skipti í langan tíma var næg þátttaka hjá starfsfólki skólans til að niðurstöður væru marktækar. Skoðaðir voru þættirnir stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi ánægja og jafnrétti. Leikskólinn kom vel út úr heildarmatinu og var yfir meðaltali. Við höfum farið yfir könnunina og erum ánægð með heildarniðustöðuna. Það eru þó hlutir sem koma ekki vel út og viljum við skoða þá nánar. Launakjör komu illa út en þar getum við lítið gert til að bæta úr því. Vinnuskilyrði komu ekki vel út og ætlum við að skoða það nánar og vinna með það næsta vetur. Þar kom fram að hljóðvist og loftgæði gætu verið betri. Við höfum ákveðið að hljóðvist verið eitt af matsverkefnum vetrarins og hefur aðstoðarleikskólastjóri ákveðið að kynna sér hljóðvist í öðrum skólum og sjá hvaða leiðir við getum farið í að betrubæta hljóðvistina hjá okkur.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	H e f s t	L o k s i ð	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Teymivinna	Að starfsmenn taki meiri þátt í ákvarðanatöku og innleiði sjálft breytingar á starfinu.	Við höfum verið með þrjú teymi og ætlum við að fjölga þeim í fjögur. Þau eru: -græn skref -útivera -matsalur -leiklist	Leikskólastjóri	S e p í l	A p r í l	Í upphafi setjast teyminniður og skrá hvernig staðan er og í lokin verða breytingarnar skráðar og árangur metinn.	Að öll verkefni hafi skilað betra aðstæðum í leikskólanum fyrir börn og kennara.
Menntastefna Reykjavíkurborgar	Innleiða stefnuna		Stjórnendur	s e p t	M a í	Gátlistar fyrir leikskóla	Að fleiri þættir verði að fullu komið til framkvæmdar.
Sérkennsluteymi	Að búa til teymið	Sérkennslustjóri ásamt tveim þroskaþjálfum mynda teymi kringum sérkennsluna.	Sérkennslustjóri	á g ú s t	M a í	Setja niður verkferla og skipulag fyrir teymið og endurmeta í maí	Að áherslur og verkferlar í sérkennslu séu tilbúnar.
Uppeldis- og menntastarf							
Deildarnámsskrá	Að hafa hana sýnilegri fyrir alla.	Að setja hana upp sjónrænt og vera upp á vegg.	Deildarstjórar	S e p t	M a í		Að allar deildir hafi sett upp sínar námskrár
Lubbi	Að öll börnin fái að kynna máhljóðunum út frá aldri og þroska	Í upphafi vetrar verði gert plan fyrir allan skólann og útfærslur gerðar sem henta öllum aldri	Sandra og Karen	S e p t e m b	m a í	Skráningablöð sem starfsmenn verða að skrá í þegar hljóðin hafa verið unnin, hvort þau voru bara kynnt, hvort börnin kunna hreyfinguna við hljóðið og hvernig verkefni voru unnin út frá hljóðinu.	Að öll börnin hafi fengið tækifæri á að vinna verkefni með að minnsta kosti 20 máhljóð úr Lubba.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samskiptasáttmáli	Að allir tileinki sér sáttmálann		Allir starfsmenn	s e p t	m a í		Hækkum okkur í starfsmannakönnun.



Innra mat						
Hljóðvist	Að minnka hávaða inn á deild og í matsal	Að kynna okkur leiðir sem aðrir fara og tileinka okkur þær	Aðstoðar-skólastjóri	S e p t	m a í	Að koma betur út úr starfsmanna-könnun þar sem spurt er um hávaðamengun.
Námskrá	Að endurskoða námskrá út frá nýju lögnum		Stjórnendur	á g ú s t	J a n ú a r	Að námskráin verði upp færð út frá nýjustu lögum og reglugerðum

4 Innra mat deilda

Í upphafi hvers vetrar búa börn og starfsmenn deildarnámskrá þar sem börnin koma með það sem þau vilja læra um vetrurinn. Um áramót setjast kennarar niður, skoða hvernig gengur og ræða með börnum hvort breyta eða bæta þurfi í deildanámskránni. Í lok vetrar er svo lokamat á framkvæmd. Við gerum ráð fyrir að börnin fari að taka meiri þátt í matinu á námskránni sinni.





4.1 Grenilundur

Hvað var metið: Sjálfstæði og sjálfsefning. Að börnin sýni viðleitni til að klæða sig að einhverju leyti sjálf í lok tímabils.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn

Hvernig var metið: Börnin hvött til þess að gera sjálf og þeim gefinn tími og rými til þess að æfa sig. Kennarar alltaf til staðar til þess að hjálpa. Matslistar fylltir út tvisvar yfir skólaárið, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar

Helstu niðurstöður: Geta barnanna og sjálfstæði þeirra jókst og sást það glögglega þegar niðurstöður matslista voru bornar saman.

Umbætur: Haldið áfram með hvatningu í fataklefa.

Hvað var metið: Tjáning og samskipti. Að börnin treysti sér til þess að standa fyrir framan hóp og tjá sig. Að börnin taki virkan

þátt í hópstarfi og eigi samskipti við börn og kennara.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn

Hvernig var metið: Kennarar eigi innihaldsrík samskipti við börnin í leik, við matarborð, í útiveru og við bleiuskipti. Börnin hvött til samskipta sín á milli. Börnin hvött til þess að standa fyrir framan hópinn með ólíkum framkomuæfingum í samverustundum. Kennari í hópstarfi skráir að hve miklu leyti hvert barn tekur þátt. Skráningarblað þar sem virkni barna í framkomuæfingum er skráð, tvisvar yfir skólaárið.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Öryggi flestra barnanna í framkomuæfingum jókst þegar leið á skólaárið og sést það þegar skráningarblöð frá haustönn og vorönn eru borin saman. Hópstarf hófst á vormánuðum og skráðu kennarar virkni barnanna hverju sinni. Vantaði uppá mætingu sumra barna í hópstarfi en þau sem mætt voru sýndu flest af sér góða virkni en skráningarblöðin voru að sama skapi nýtt til þess að grípa þau börn sem þurftu hvatningu til þátttöku.

Umbætur: Í upphafi var börnunum skipt upp í fjóra hópa. Þegar leið á vorönnina var ljóst að mörg barnanna voru ekki mætt í leikskólann í upphafi hópstarfstíma sem gerði það líka að verkum að erfiðara reyndist að halda uppi skipulögðum verkefnum og taka á móti börnunum þegar þau mættu. Því var ákveðið að fækka hópum og fjölga þess í stað börnum í hverjum hóp. Einnig var morgunmaturinn að dragast á langinn sem frestaði hópstarfi í einhverjum tilfellum. Því var ákveðið að fjölga sætum við morgunverðarborðið og flýta þannig fyrir.

Hvað var metið: Félagsfærni. Að börnin læri að tilheyra hóp og deila rými og leikefni með öðrum.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn.

Hvernig var metið: Starf deildarinnar miðast út frá gleði og áhuga barnanna sjálfra og verkefni unnin með lærdómsferlið í huga. Rætt um tilfinningar og börnin hvött til samkenndar, umhyggju og virðingar. Kennarar eru alltaf til staðar og geta þannig fylgst með, komið með kveikjur og gripið inn í. Skráning í formi myndbandsupptaka.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Aðlögun nýrra barna tók langan tíma og sat það á hakanum að taka upp myndbandskráningar á haustönn. Það var því ekki grundvöllur fyrir myndbandsupptöku á vorönn þar sem samanburðurinn var ekki til staðar. Allir starfsmenn deildarinnar nýta agastefnu leikskólans í samskiptum við börnin og til þess að leysa ágreining þeirra á milli. Rík áhersla lögð á að starfsmenn staðsetji sig alltaf með börnum í leik og skipti þeim upp í smærri hópa.

Umbætur: Halda áfram með þennan matsþátt á næsta skólaári.

Hvað var metið: Læsi. Sjónrænt skipulag. Vinna með Lubbi finnur málbein.



Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn.

Hvernig var metið: Farið yfir skipulag dagsins á morgunfundum og sjónrænt skipulag nýtt til þess. Lubbahljóðin nýtt í daglegu starfi, í samverustundum og morgunfundum. Skráningarblöð nýtt þar sem þekking barnanna á Lubbahljóðum var skráð á haustönn og á vorönn.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Samkvæmt skráningarblöðum jókst þekking barnanna á lubbahljóðum þegar leið á skólaárið.

Umbætur: Deildin tók ekki þátt í Lubbaverkefnum þvert yfir leikskólann en mun gera það að fullum þunga á næsta skólaári.

4.2 Birkilundur



Hvað var metið: Sjálfstæði og sjálfsefning.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn.

Hvernig var metið: Börnunum var gefinn tími og rými til að æfa sig að klæða sig í föt sjálf, borða sjálf og ganga frá leikefni sínu. Börnin voru hvött til að gera í auknum mæli sjálf. Kennarar voru alltaf til staðar til þess að hjálpa. Matslistar fylltir út tvisvar yfir skólaárið, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar

Helstu niðurstöður: Geta barnanna og sjálfstæði þeirra jókst og sást það glögglega þegar niðurstöður matslista voru bornar saman. Öll börnin á deildinni tóku miklar

framfarir í sjálfshjálpi bæði í fataklefa og matsal. Markmiðið sem sett var í upphafi hefur verið náð.

Umbætur: Höldum áfram að hvetja, aðstoða og kenna.

Hvað var metið: Tjáning og samskipti. Að börnin treysti sér til þess að standa fyrir framan hóp og tjá sig. Að börnin taki virkan þátt í hópastarfi og eigi samskipti við börn og kennara.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn

Hvernig var metið: Kennarar eigi innihaldsrík samskipti við börnin í öllum athöfnum dagsins. Börnin hvött til samskipta sín á milli. Áhersla var lögð á að kennarar væru til staðar í leik barnanna svo hægt væri að vinna úr ágreiningi ef upp kæmi og börnunum markvisst kennt að nota orð til að tjá tilfinningar sínar. Börnin fengu tækifæri og voru hvött til þess að standa fyrir framan hópinn með ólíkum framkomuæfingum í samverustundum. Öll börnin voru með sýna og sjá. Skráningarblað þar sem virkni barna í framkomuæfingum er skráð, tvisvar yfir skólaárið.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Öryggi flestra barnanna í framkomuæfingum jókst þegar leið á skólaárið og sést það þegar skráningarblöð frá haustönn og vorönn eru bornar saman. Börnin hafa aukið við færni sína við að leysa úr ágreiningi sín á milli og eru dugleg að nota orðin sín. Markmiði vetrarins var náð.

Umbætur: Höldum áfram að hvetja börnin til að nota orðin sín og tjá tilfinningar sínar, auk þess höldum við áfram með framkomuæfingar.

Hvað var metið: Læsi. Vinna með Lubbi finnur málbein.

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn.

Hvernig var metið: Lubbahljóðin nýtt í daglegu starfi, í samverustundum og morgunfundum.

Hópastarf byggðist að miklu leyti á Lubba starfi. Skráningarblöð nýtt þar sem þekking barnanna á Lubbahljóðum var skráð á haustönn og á vorönn.



Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Vinna með Lubbi finnur málbein hefur gengið vonum framar og áhugi barnanna og þátttaka verið mjög góð. Flest börn á deildinni lærðu sitt stafahljóð og yfirferð hljóða gekk vonum framar. Börnin sýna stöfunum mikinn áhuga í daglegu starfi. Samkvæmt skráningarblöðum jókst þekking barnanna á lubbahljóðum þegar leið á skólaárið. Því má segja að markmiði vetrarins hafi verið náð.

Umbætur: Höldum áfram að vinna með hljóðin og Lubba.

4.3 Lerkilundur



Hvað var metið: Tjáning og Samskipti

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn

Hvernig var metið: Vináttuverkefni, vináttureglur.

Hvað felst í því að vera vinur, rætt um tilfinningar og hvernig hægt er að vinna úr þeim, hvatt til samkenndar, umhyggju og virðingar. Fundir teknir reglulega með barnahópnum að ræða um vináttureglur og hvernig gengur.

Öll börn fara heim með Sýna og sjá töskuna.

Hverjir tóku þátt: Starfsmenn og börn

Helstu niðurstöður: Í miðannarmatinu voru myndarskráningar yfir leik barnanna gerðar og settar í ferilmöppur barnanna. Öll börn höfðu tekið sýna og sjá heim einu sinni og eru myndaskráningar í ferilmöppum barnanna. Í lokamati höfðu öll börn

tekið sýna og sjá heim tvisvar. Nokkrir fundir voru teknir með börnunum yfir veturinn og rætt um vináttureglur og hvað við getum breytt og bætt. Í lokamati máttum við vináttureglurnar saman. Börnin þekkja vináttureglurnar vel og vitna stundum í þær, þau vildu bæta við tveimur reglum og máttu sem svo að reglurnar höfðu nýst þeim vel og að vel hafði gengið að framfylgja þeim.

Umbætur: Við hefðum getað gert fleiri myndaskráningar um leik barnanna í ferilmöppur. Höldum áfram að funda með barnahópnum, við teljum það gefa þeim meira vægi og þau þekka þar af leiðandi hvað er verið að vinna að.

Hvað var metið: Sjálfstæði og sjálfsefning

Hvenær: Í október og apríl

Hvernig var metið: Með matslistum bæði í október og apríl. Hvatning til að gera í auknum mæli sjálf, hvatning til að smakka allan mat og þekkja sitt magamál. Hvatning í fataklefa, „Prófaðu fyrst sjálf/ur og svo skal ég hjálpa þér“

Hverjir tóku þátt: Starfsmenn

Helstu niðurstöður: Matslisti var útbúinn til þess að sjá hversu mikla aðstoð börnin þurfa í fataklefa og matsal. Metið í október og apríl. Matslistinn var fylltur út í október og þar kom í ljós að það eru fimm börn sem þurfa aðstoð í fataklefa, hin börnin þurfa litla eða enga aðstoð. Enginn þurfti aðstoð í matsal. - Metið aftur í apríl. Í lokamati voru börnin orðin mjög sjálfstæð í matsal, þurftu enga hjálp. Í fataklefa voru öll börnin orðin sjálfstæð og klæða sig að mestu leiti sjálf. Fjögur börn eiga í vandræðum með að setja yfir (setja buxur yfir skó) og að renna upp.

Umbætur: Haldið verður áfram með „Prófaðu fyrst sjálfur og svo skal ég aðstoða þig.“



Hvað var metið: Læsi

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn / október og apríl

Hvernig var metið: Hljóm-2 og með myndrænum hætti í listasmiðjuverkefni- samanburður á hæfni í október og apríl. Morgunfundur nýttur til að skoða hljóð, orð og klappa atkvæði. Lubbastundir þar sem unnið verður að flóknari verkefnum og námsefnið dýpkað. Unnið með rím og hljóðkerfisvitund. Áhersla lögð á bækur og lestur.

Hverjir tóku þátt: Starfsmenn

Helstu niðurstöður: Hljóm-2 var tekið á öllum börnunum. Fjögur börn þurfa að fara aftur í hljóm í vor. Við gerðum verkefni þar sem börnin skrifuðu nafnið sitt eftir fyrirmynd og munum gera aftur í vor, þá metum við með myndrænum hætti muninn á. Munurinn var sá að færri börn þurftu fyrirmynd til að skrifa nafnið sitt. Öll börnin gátu skrifað nafnið eftir fyrirmynd í réttri röð (frá vinstri til hægri). Lubbastundir hafa gengið vel og börnin sýna mikinn áhuga. Þau sækja mikið í skriffæra-hillu sem er alltaf í boði.

Umbætur: Höldum áfram með lubbastundir og að hafa aðgengileg skriffæri alltaf til staðar.

4.4 Furulundur



Hvað var metið: Tjáning og Samskipti

Hvenær: Allan veturinn

Hvernig var metið: Vináttuverkefni, búum til vináttureglur saman. Hvað felst í því að vera vinur, rætt um tilfinningar og hvernig hægt er að vinna úr þeim, hvatt til samkenndar, umhyggju og virðingar fyrir hvort öðru.

Öll börn fara heim með sýna og sjá töskuna.

Hverjir tóku þátt: Börn og starfsmenn

Helstu niðurstöður: Í miðannarmatinu voru myndarskráningar yfir leik barnanna gerðar og settar í ferilmöppur barnanna. Við ræddum saman á morgunfundum, samverum og hópastarfi um hvað einkennir góðan vin og hvernig vinir við viljum vera. Við

bjuggum saman til vináttureglur sem við hengdum fyrir framan deildina okkar og tókum við eftir að það skapaðist stærri vinahópar, börn sem upplifði sig ein í leik var hleypt inn í hóp og meiri vinátta skapaðist á milli allra barnanna. Börnin voru fljót að tileinka sér vináttureglurnar og gekk þeim vel að framfylgja þeim. Öll börn höfðu tekið sýna og sjá heim einu sinni og eru myndaskráningar í ferilmöppum barnanna. Í lokamati höfðu öll börn tekið sýna og sjá heim tvisvar. Við sáum að sjálfstraustið hjá börnunum jókst og þau voru öruggari að koma fram.

Hvað var metið: Sjálfstæði og sjálfefling

Hvenær: Í október og apríl

Hvernig var metið: Með matslistum bæði í nóvember og apríl. Hvatning til að gera í auknum mæli sjálf, hvatning til að smakka allan mat og þekkja sitt magamál. Hvatning í fataklefa að börnin myndu fyrst reyna að gera sjálf og svo ef þau gætu ekki þá biðja um aðstoð.

Hverjir tóku þátt: Allir starfsmenn



Helstu niðurstöður: Matslisti var útbúinn til þess að sjá hversu mikla aðstoð börnin þurfa í fataklefa og matsal. Metið í október og apríl. Matslistinn var fylltur út í október og þar kom í ljós að það eru of mörg börn sem þurfa/fá aðstoð í fataklefa. Tekið var eftir að starfsmenn voru að gera allt of mikið fyrir börnin í stað þess að hvetja þau að gera sjálf. Ákveðið var að hvetja börnin mun meira að gera sjálf og sáum við mikinn mun þegar listarnir voru bornir saman. Nokkrir þurftu aðstoð í matsal þ.e.a.s að skammta sér rétt og þekkja magamálið sitt. Í lokamati voru börnin sjálfstæðari í matsal, þurftu litla sem enga hjálp. Í fataklefa voru öll börnin mun sjálfstæðari og klæða sig að mestu leyti sjálf. Nokkur börn þurfa enn hjálp að renna upp og setja bandið yfir stígvélin.

Umbætur: Haldið verður áfram með „Prófaðu fyrst sjálfur og svo skal ég aðstoða þig.“

Hvað var metið: Læsi

Hvenær: Jafnóðum yfir veturinn / október og apríl

Hvernig var metið: Efi-2 málþroskaskimun var sett fyrir öll börnin. Morgunfundir nýttir til að skoða hljóð, orð og klappa atkvæði. Lubbastundir þar sem unnið verður að flóknari verkefnum og námsefnið dýpkað. Unnið með rím og hljóðkerfisvitund. Áhersla lögð á bækur og lestur.

Hverjir tóku þátt: Starfsmenn

Helstu niðurstöður: Efi-2 málþroskaskimun var tekið á öllum börnunum. Fimm börn komu með slaka getu úr því prófi með skilning og tjáningu. Ákveðið var að búa til mөлörvunarhóp fyrir þau börn sem komu slök út og sáum við framfarir hjá þeim börnum. Lubbastundir hafa gengið vel og börnin sýna mikinn áhuga í hverri viku. Þau eru mikið farin að sýna stöfunum áhuga, skrifa nöfnin sín og spyrja mikið um hvernig hitt og þetta er skrifað. Til að bæta lesturinn enn betur inná deild ákváðu börnin ásamt starfsmönnum að búa til lestrarorm og markmiðið var að hann myndi ná hringinn í kringum deildina.

Umbætur: Höldum áfram með lubbastundir, að hafa aðgengileg skriffæri alltaf til staðar og skipta bókunum örar inná deildinni.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslustjóri og sérkennari vinna saman að því að skipuleggja sérkennslu út frá þörfum barnsins. Við leggjum upp úr að barnið tilheyrir að mestu hópnum inni á deild. Einstaklingsnámsskrá og skráningar eru gerðar til að halda utan um það sem unnið er með hverju sinni. Í vetur vorum við með tvö börn sem unnið var með einstaklingslega í vinnustundum með áherslu á yfirfærslu inn í barnahópinn. Vel er haldið utan um barnið með reglulegum teymisfundum þar sem við leggjum mikla áherslu á gott foreldrasamstarfs.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS matslistinn er það tæki sem er mest notað til að meta þroska og framfarir. Við styðjumst einnig við fleiri matsgögn eftir þörfum s.s. Íslenska þroskalistann, Smábarnalistann, Orðaskil, TRAS, EFI-2, Hljóm-2 og færniskráningarlistar.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Námsgögn sem við notuðum voru bæði aðkeypt og heimagerð. Spil, bækur, sjónrænt skipulag og félagsfærnisögur.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Lausnateymi</p>	<p>Að setja niður verklag varðandi lausnateymi Kynna lausnateymið vel fyrir deildarstjórum og setja niður fundartíma með lausnateymi og ráðgjöfum.</p>	<p>Að unnið sé eftir verklagi Laufskála og að viðeigandi gögn séu notuð hverju sinni.</p>	<p>Sérkennslu-teymið</p>	<p>Haut</p>	<p>Vor</p>	<p>Sérkennsluteymið hittist reglulega yfir veturinn og fer yfir skráningar og viðeigandi gögn til að meta framvindu.</p>	<p>Að deildarstjórar og sérkennarar þekki og vinni eftir verkferlum Laufskála.</p>



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni var ráðstafað í laun starfsmanna og í námsgögn (bækur, spil ofl.).
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Gefðu 10 og ríkulegt málumhverfi. Útbúnar voru lykklakippur fyrir starfsfólk með myndum af daglegum athöfnum til að bæta við orðaforða barnsins.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Við leggjum mikið upp úr ríkulegu málumhverfi og að starfsmenn setji orð á allar athafnir barnsins.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Í vetur ætluðum við að vinna markvisst með hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn en sú vinna náðist ekki eins og til skildi. Notumst við matstækin; Einn leikskóli mörg tungumál, orðaskil, efi-2 og Hljóm2
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við leggjum áherslu á að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, í daglegu starfi og í málörvunarstundum. Mætum barninu þar sem það er statt og sækjum ráðgjöf til talmeinafræðinga þegar þörf er á.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Áframhaldandi vinna með Hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn.	Halda áfram með innleiðingu þar sem markmið okkar náðust ekki síðastliðinn vetur.	Að sérkennsluteymið og deildarstjórar kynni hæfnirammann fyrir starfsfólki á deildarfundum. Kynna Hæfnirammann fyrir foreldrum.	Sérkennsluteymið og deildarstjórar.	Haust	Vor		Að Hæfniramminn sé fylltur út með öllum fjöltyngdum börnum 2x yfir veturinn – okt/nóv og mars/apríl.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Í vetur héldum við áfram að láta deildastjóra taka starfsmannviðtöl að hausti og leikskólastjóra að vori. Hefur þetta gengið ágætlega en þurfum við að setja inn í dagatal hvenær þessi viðtöl eiga að fara fram.

Á fimmtudögum erum við með fundadag. Klukkan 10:00-11:00 eru öll börn úti og starfsmenn tveggja deilda. Á meðan funda hinar tvær deildirnar. Hver deild á því fund aðra hvora viku. Eftir hádegi eru svo stjórnendafundir milli klukkan 13:00-14:00. Í vetur byrjuðum við á teymishópum og fengu þeir þrjá fundi á vorönn. Næsta vetur munum við reyna að hafa teymisfundu einu sinni í mánuði fyrir hvert teymi.

Dagana 30 ágúst til 2 september fóru fjórir úr stjórnenda teyminu á EECERA ráðstefnu í Portúgal. Yfirskrift ráðstefnunnar var Children's Curiosity, Agency and Participation. Margir áhugaverðir og spennandi fyrirlestrar sem við fórum á. Fjórir starfsmenn tóku Hljóm-2 réttindanámskeið.

Allt starfsfólk leikskólans fer á Nurture námskeið 27 september og gerum við ráð fyrir að mest af fræðslunni sem við fáum næsta vetur verði tengt Nurture verkefninu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf í Rimahverfi milli leikskólanna, Rimaskóla og Tígrishæ hefur verið í föstum skorðum í nokkur ár. Í upphafi skólaárs setjast fulltrúar frá öllum þessum skólum niður og setja niður plan fyrir veturinn. Skólastjóri Rimaskóla hefur borið ábyrgð á því að kalla alla saman og halda utan um þetta verkefni. Þessi fundur er í september byrjun og þá er sett niður plan fyrir veturinn

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eru þau þegar barnið á afmæli og svo sex mánuðum seinna. Hjá elstu börnunum eru samtöl í apríl/mái. Við lítum svo á að afmælissamtalið sé „skyldusamtal“ og leggjum mikla áherslu á að foreldrar mæti í það. Auk þessa geta foreldrar alltaf beðið deildarstjóra, sérkennslustjóra og leikskólastjóra um samtal. Við erum með foreldrakaffi tvisvar á ári þar sem börnin bjóða ættingjum sínum og vinum í morgunkaffi eða síðdegis hressingu. Við bjóðum foreldrum á opna leiklistarvinastund einu sinni á vetri þar sem öll börnin koma fram. Foreldrafélagið bauð upp á sveitaferð í maí. Flestir foreldrar komust með og myndaðist góð stemning hjá börnum, foreldrum og starfsfólki í þessari ferð. Foreldrum hefur verið boðið á sumar hátíð leikskólans sem þó var felld niður í ár vegna gulrar veðurviðvörðunar.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

28. ágúst - Haustönn undirbúin

27. september - Nurture námskeið

22. nóvember - Skipulagsdagur

2. Janúar - Vorönn undirbúin

6. febrúar - Dagur leikskólans ráðstefna

17. mars - Hálfur skipulagsdagur FH

14. maí - Endurmat hálfur skipulagsdagur EH



10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð er ánægt með margt sem kemur fram í skýrslunni. Má þar helst nefna lýðræði sem er sýnilegt í starfi með börnum og starfsfólki, t.d. þegar dagurinn er settur upp með börnunum og starfsmannasáttmálinn sem allir starfsmenn unnu að til að bæta vinnumenningu. Almenn gegnsæi er á starfinu og gott upplýsingaflæði til foreldra.

Unnið er vel með þau markmið sem deildarnar setja sér. Starfsmenn deildanna nýta mælitæki eins og matslista og samanburð til að taka stöðuna og um leið finna tækifæri til úrbóta. Þess konar vinnulag er merki um fagmennsku og nauðsynlegt til að gera gott starf betra. Við fögnum einnig frábæru starfi með Lubba í vetur sem var vel skipulagt og sýnilegt í fataklefanum. Eins og fram kemur þá var sú vinna kveikja á umræðum fyrir foreldra um starfið í leikskólanum þar sem börnin gátu sýnt og sagt frá hvað þau voru að læra í leikskólanum sínum.

Foreldraráð fagnar því að leggja eigi meiri áherslu á stoðþjónustuna með því að fá tvo þroskaþjálfara til að sjá um og skipuleggja þá vinnu. Það er einnig ánægjulegt að sjá að auka fjármagn sé lagt í að taka á móti börnum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Áskorun sem allir skólar á öllum stigum standa frammi fyrir þessa dagana. Foreldraráð leggur til að Reykjavíkurborg nýti auka fjármagn í að meiri mannskap inn í leikskólana til að mæta þessu flókna verkefni.

Á heildina litið er ráðið ánægt með starfsemi leikskólans og við fögnum sérstaklega þeim árangri sem við höfum náð með úrbætur á lóðinni. Við viljum samt sem áður nýta tækifærið og hvetja borgarráðið til að klára það sem liggur fyrir á lóðinni, skipta um kastala og þ.h.

Það var leitt að geta ekki átt stund saman á sumarhátíð leikskólans, sérstaklega fyrir þau börn sem eru fædd 2018 og þurftu að kveðja leikskólann sinn mun fyrr en vant er. En svona er veðrið á Íslandi. Leikskólinn fær hrós fyrir að halda vel utan um börnin sem þurftu að kveðja leikskólann sinn snögglega vegna breytinga hjá borgarráði en vill um leið hvetja borgarráð til að hafa meira samráð við fagfólkið sem vinnur með börnum á leikskólaaldri, þegar taka á mikilvægar ákvarðanir varðandi börn.

Fyrir hönd foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Andrea Rós Óskarsdóttir
Ingunn M. Óskarsdóttir
Sunneva Svavarsdóttir





